

57  
23. maí.

Við lát hlutadeiganda eignast erfingjar hans þeninginn.

Jafnframt því að birta konungsúrskurð þenna hefir hermála- og flotastjórn ríkisins 1. febr. þ. á. samíð reglur, er þeir skulu breyta eptir, er nú eru ekki í landhernum eða í sjóliðinu, en álíta sig hafa rjett til minnispenings þess, er gerður hefir verið samkvæmt fyrrnefndum konungsúrskurði, og óska að fa hann.

Samkvæmt reglum þessum og brjefi ráðgjafans fyrir Ísland frá 23. febr. þ. á. skal hjer með kunngjört almenningi, að þeir menn hjer á landi, er þykjast hafa rjett til að fa minnispeninginn, og óska þess, verði að senda hlutadeigandi sýslumanni áleiðis til landshöfðingja beiðni um það, stýlaða til hermálaráðgjafans eða flotastjórnarráðgjafans. Beiðni þessi þarf, að því er þá snertir, er verið hafa fastir foringjar eða embættismenn í miðdeild fyrirliðasveitar (Mellemstaben), að innihalda tilkygning um, að þeir óski minnispeningsins, í hvaða herdeild þeir hafi verið og hvar þeir eigi heima. — Öllum öðrum ber að skýra nákvæmlega frá, hvað þeir heita fullu nafni, hvaða ófriðarar þeir hafa verið í hernaði í landhernum eða í sjóliðinu, í hvaða aðaldeild (Institution) og sveitarflokki (Compagni, Escadron, Batterie) eða á hvaða skipi þeir hafi verið, hvaða «númer» þeir höfðu í flokknum eða á skipinu, hvort þeir sju danskir þegnar, og hvar þeir eigi heima. Beiðnin er álitin jafnframt yfirlýsing hlutadeiganda um, að þeir hafi hvorki sætt hegningarvinnu nje verið með dómi fundnir sekir í nokkru því, er skert geti mannorð þeirra í augum almennings.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 23. maí 1876.

**Hilmar Finsen.**

Jón Jónsson.

58  
23. maí.

— *Brjef landshöfðingja til beggia amtmannanna* um minnispening. — Jafnframt því að vísa til konungsúrskurðar þess, sem birtur hefir verið með anglýsingu 1. febrúar þ. á. frá hermála- og flotaráðgjafanum, og prentaður undir töluliði 17 í lagatíðindum fyrir 1876, um minnispening handa þeim, er annaðhvort í landhernum eða á flotanum hafa tekið þátt í stríðunum 1848–50 og 1864, og til auglýsingar, er jeg hefi gefið út um þetta, og sem prentuð mun verða í stjórnartíðindunum — sendi jeg yður, herra amtmaður, hjer með nokkur exemplör af auglýsingu hermálastjórnarinnar frá 1. febr. þ. á. um reglur þær, er þeir skulu breyta eptir, sem álíta sig hafa rjett til og óska að meðtaka nefndan minnispening, og mælist jeg til, að þjer úthytið exemplörum þessum milli sýslumanna þeirra, er undir yður eru skipaðir, og skoríð á þá að sjá um, að konungsúrskurðurinn verði birtur þeim mönnum í lögsagnarumdæmum þeirra, er kynnu að eiga tilkall til minnispeningsins, og að þeim eptir atvikum verði leiðbeint til að semja beiðni þá til hermálastjórnarinnar, er þeir kynnu að óska að senda.

### Auglýsing

59  
26. maí.

um samskot í Danmörku og Noregi handa Íslendingum.

Samkvæmt skýrslu nefndar þeirrar, er myndazt hafði í Kaupmannahöfn til að safna gjöfum handa Íslendingum, er höfðu orðið fyrir skaða af jarðeldi, er þessum gjafasamskotum nú lokið, og nema þau eptir reikningi þeim, er gjörður var 31. desbr. f. á. alls

26,508 kr. 70 a.

flyt 26,508 — 70 —